87
12. okt.

4. Bónarbrjef um styrkinn eiga að vera komin til landshöfðingja fyrir 1. ágúst það ár, sem styrkurinn er veittur.

C. Til skýringar skoðunarmönnum.

1. Jarðabætur, sem eigi mega fullgerðar teljast, eru meðal annars: sáðgarðar, fjárbæli og hestarjettir, ef girðing er eigi komin gripheld á alla vegu.
2. Sje girðing eigi gripheld að áliti skoðunarmanns, enda þótt hún að hæð og breidd fullnægi reglum þessum, og skal hún því að eins fullgerð talin, að hún sje gjörð gripheld með vírstreng, eður á annan jafntryggan hátt. — Sama gildir og um varnarskurði (sbr. B. 2. d.).
3. Með tvíhlöðnum grjótgörðum má telja þá garða, er hafa sjálfstæða hleðslu úr grjóti varnarmegin, en upp með henni tryggilega torfhleðslu.
4. Úr torfi og grjóti eru þeir garðar taldir, er hafa grjót og torflög á víxl.
5. Hestarjettir teljist því að eins til jarðabóta, að þær sjeu við tún eða bæ og tilheyri heimilinu.
6. Undirstöðu vír- eða vírnetsgirðingar má því að eins telja trygga, að járnstólparnir sjeu festir í berg eða stöðuga undirstöðusteina, eða á annan hátt svo um stólpana búið, að þeir eigi raskist, þótt gripir ráðist á girðinguna.

   Vírgirðingar má því að eins taka gildar, að þær sjeu gjörðar úr gaddavír eða galvaníseruðum $^1/_8$ þml. gildum járnvír.
7. Stíflugarðar teljast allar fyrirhleðslur í ár, læki, farvegu, jarðföll eða síki, enda sje þær meiri að hæð og þykkt en venjulegir flóðgarðar.
8. Með rúmmáli áburðarhúsa skal eigi telja risið nje það rúm annað, sem vera kann ofan við 6 feta vegghæð (innanvert).
9. Lagheldar safnþrór teljast, auk þeirra, sem steinlímdar eru, þær, sem eru annaðhvort alþiljaðar, eða þjettar með vatnsheldum leir í botninn og hlaðnar tryggilegri torfhleðslu (streng) allt í kring upp í gegn.

Reykjavík, 12. oktbr. 1901.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

88
25. sept.

# Auglýsing

um yfirsetukvennaumdæmaskipun í Suðuramtinu.

I. Vesturskaptafellssýsla.

1. Hörgslandshreppur, frá Skeiðarársandi að Geirlandsá.
2. Kirkjubæjarhreppur, að undanskildum Skaptárdal og A.
3. Langholtssókn (Meðalland).
4. Þykkvabæjarklaustursókn (Alptaver).
5. Asa- og Búlandssóknir (Skaptártunga með A og Skaptárdal).

6. Hvammshreppur (Höfðabrekku- og Reynissóknir). 88
7. Dyrhólahreppur (Dyrhóla- og Sólheimasóknir). 25. sept.

II. Vestmannaeyjasýsla.

Eitt yfirsetukvennaumdæmi.

III. Rangárvallasýsla.

1. Austureyjafjallahreppur.
2. Vestureyjafjallahreppur.
3. Austurlandeyjahreppur.
4. Vesturlandeyjahreppur með hinum svonefndu Bakkabæjum í Rangárvallahreppi.
5. Fljótshlíðarhreppur.
6. Hvolhreppur.
7. Rangárvallahreppur, að fráskildum Bakkabæjum og þeim bæjum, er nú eiga kirkjusókn að Skarði á Landi.
8. Landmannahreppur með þeim bæjum í Rangárvallahreppi, sem eiga kirkjusókn að Skarði.
9. Þykkvibær.
10. Kálfholts-, Ass- og Háfssóknir utan Þykkvabæjarósa.
11. Oddasókn utan Ytri Rangár og Arbæjarsókn í Holtahreppi.
12. Haga- og Marteinstungusókuir.

IV. Arnessýsla.

1. Selvogshreppur.
2. Ölfushreppur vestan Varmár (Hjallasókn og Reykjasókn).
3. Ölfushreppur austan Varmár (Arnarbælissókn).
4. Grafningshreppur.
5. Þingvallahreppur.
6. Búrfells- og Klausturhólasóknir í Grímsnesi með suðurhluta Mosfellssóknar.
7. Miðdalssókn og hinn hluti Mosfellssóknar.
8. Bræðratungu- og Haukadalssóknir í Biskupstungum.
9. Úthlíðar- og Torfastaðasóknir og Skálholtssókn ofan Hvítár.
10. Hrunamannahreppur.
11. Gnúpverjahreppur.
12. Skeiðahreppur og Skálholtssókn sunnan Hvítár.
13. Hraungerðishreppur.
14. Villingaholtshreppur.
15. Gaulverjabæjarsókn.
16. Stokkseyrarhreppur.
17. Eyrarbakkahreppur.
18. Kaldaðarnessókn.

V. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

1. Kjósarhreppur.
2. Kjalarneshreppur.

88
28. sept.

3. Mosfellshreppur.
4. Seltjarnarneshreppur.
5. Garðasókn.
6. Bessastaðasókn.
7. Kálfatjarnarsókn.
8. Njarðvíkursókn ásamt Keflavík.
9. Útskálasókn að undantekinni Keflavík.
10. Hvalsnessókn.
11. Hafnahreppur.
12. Grindavíkurhreppur.

VI. Borgarfjarðarsýsla.

1. Garðasókn á Akranesi, að undanskildum bæjunum: Galtarvík innri og ytri, Stóru Fellsöxl, LitluFellsöxl, Fellsaxlarkoti, Klafastöðum og Klafastaðagrund.
2. Leirár- og Melasóknir og þeir bæjir úr Garðasókn, er nú voru nefndir.
3. Saurbæjarsókn og Grafardalur í Fitjasókn.
4. Lundar- og Fitjasóknir, nema bæirnir Grafardalur og Svangi.
5. Bæjar- og Hvanneyrarsóknir, og bærinn Svangi í Fitjasókn.
6. Reykholts- og Stóra Ass-sóknir.

Íslands Suðuramt. Reykjavík, 25. sept. 1901.

*J. Havsteen.*

89
25. sept.

# Auglýsing

um yfirsetukvennaumdæmaskipun í Vesturamtinu.

I. Mýrasýsla.

1. Hraunhreppur.
2. Álptaneshreppur.
3. Borgarhreppur og bæjirnir í Stafholtstungum fyrir ofan Norðurá.
4. Stafholtstungnahreppur fyrir sunnan Norðurá.
5. Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
6. Norðurárdalshreppur og Þverárhlíðarhreppur.

II. Snæfellssnes- og Hnappadalssýsla.

1. Skógarstrandarhreppur.
2. Stykkishólmshreppur.
3. Helgafellssveit.
4. Eyrarsveit.
5. Neshreppur innri.
6. Neshreppur ytri, að meðtöldum þeim hluta Ingjaldshólssóknar, sem er í Breiðavíkurhreppi.